



ORKUSTOFNUN

Hlutföll vatnsréttinda. Greinargerð um vatnsréttindi í Blöndu

Haukur Tómasson

Greinargerð HT-80/07

Orkustofnun
Raforkudeild
1980 08 05

Greinargerð um vatnsréttindi
í Blöndu
HT 80/07

Hlutföll vatnsréttinda.

Venja er að skipta vatnsréttindum milli eigenda í hlutfalli við þá náttúrulegu orku virkjunar, sem til fellur á landareign hvers um sig. Skipti vatnsfall löndum með tveimur landareignum fær hvor í sinn hlut helming nátturulegrar orku vatnsfallsins á þeim kafla er löndum skiptir.

Náttúruleg orka vatnsfalls á tilteknum kafla þess er skilgreind sem

$$E = 9,81 \cdot Q \cdot H \cdot 8760 \cdot 10^{-6} \text{ GWh/ári}$$

þar sem Q er meðalrennli það, sem mest verður tekið úr farveginum á kaflanum, í kl/s, og H er hæðarmunur í metrum, milli þeirra staða þar sem vatnsfallið rennur inn á landareign og þar sem það rennur út af henni.

Rennslishlutföll

Meðalrennsli til virkjunarinnar er 38,6 kl/s og skiptist það einnig á vatnsföll:

Blanda	37,2 kl/s	96,4%
Gilsá	1,25 -	3,2%
Vatnsdalsá (Kolku-kvísl)	0,15 -	0,4%
	38,6 kl/s	100,0%

Eins og sjá má er vatnstaka til virkjunarinnar frá Vatnsdalsá hverfandi lítil, og er raunarvafasamt, hvort hún verður nokkur í reynd, því að búast má við að jarðvatnsrennsli til Fellakvíslar aukist við gerð miðunarlonssins, en Fellakvísl rennur í Vatnsdalsá. Einnig má búast við einhverjum leka undir stíflu við Kolkuflóa. Þetta tvennt mun væntanlega vega nokkurnveginn upp þá 150 lítra á sekundu, sem teknir eru til virkjunarinnar úr Kolkukvísl, þannig að í reynd verður meðalrennslið til hennar

Úr Blöndu	37,2 kl/s	96,7%
Úr Gilsá	1,25 -	3,3%
	38,45 kl/s	100,0%

Hæðarmunurinn er 478 - 125 = 353 m fyrir Blöndu, og
 410 - 125 = 285 m fyrir Gilsá.

Náttúruleg orka er því

$$\begin{aligned} \text{f Blöndu } & 9,81 \cdot 353 \cdot 37,2 \cdot 8760 \cdot 10^{-6} = 1128 \text{ GWh/ári} & 97,3\% \\ \text{f Gilsá } & 9,81 \cdot 285 \cdot 1,25 \cdot 8760 \cdot 10^{-6} = 31 & 2,7\% \\ & & 1159 \text{ GWh/ári} & 100\% \end{aligned}$$

Dreifing fallhæðar

Með þeirri virkjunartilhögum Blöndu sem nú er ráðgerð, Eiðsstaðatilhögum, verður skipting fallhæðar milli landareigna sem hér segir. Við útreikning á hlutdeild í vatnsréttindum hefur verið deilt með tveimur í viðkomandi fallhæð, vegna skiptingar milli landareigna sín hvoru megin árinnar

	Fallhæð í m	Hlutdeild í vatnsréttindum %
--	-------------------	------------------------------------

1. Blanda

Vestan ár:

Auðkúluheiði	243	34,4
Þróð,	65	9,2
Eldjárnsstaðir	22	3,1
Eiðsstaðir	23	3,3
	353	50,0

Austan ár:

Eyvindarstaðahéiði	158	22,4
Rugludalur	120	17,0
Selland	45	6,4
Bollastaðir	20	2,8
Eyvindarstaðir	10	1,4
	353	50,0

2. Gilsá

Austan ár:

Eiðsstaðir	285	50,0
------------	-----	------

Vestan ár:

Guðlaugsstaðir	285	50,0
----------------	-----	------

Sumsstaðar er nokkur óvissa í skiptingu fallhæðar við Blöndu milli landareigna, og getur skekkjan numið allt að \pm 5 m. Nánari landmælinga, og e.t.v. betri skilgreininga á landamerkjum, getur orðið þörf við endanlega samninga um vatnsréttindi, nema unnt reynist að útkljá vafatriði með samkomulagi landeigenda innbyrðis.

Samkvæmt ofangreindum hlutföllum skiptast vatnsréttindi vegna fyrirhugaðrar Blönduvirkjunar þannig á milli landareigna:

<u>Landareign</u>	<u>Eigandi vatnsréttinda</u>	<u>Hlutdeild</u>
Auðkúluheiði	Ríkissjóður	33,5%
Þróð	Svinavatns-, Torfalækjar og Blönduóshreppur	9,0%
Eldjárnsstaðir	Einkaeign	3,0%
Eiðsstaðir	Einkaeign	4,6%
Guðlaugsstaðir	Einkaeign	1,3%
Eyvindarstaðaheiði	Óviss	21,8%
Rugludalur	Bólstaðahlíðarhreppur	16,5%
Selland	Einkaeign	6,2%
Bollastaðir	Einkaeign	2,7%
Eyvindarstaðir	Einkaeign	1,4%
		100,0%

Auðkúluheiði er 50% í eigu Svinavatnshrepps, 40% Torfalækjarhrepps og 10% Blönduóshrepps. Hrepparnir keyptu heiðina af jörðinni Auðkúlu, sem er í eigu ríkissjóðs, á árunum 1910-20. Vatnsréttindi fylgdu ekki með í þeim kaupum; í afsali er beinlínis tekið fram, að "fossar" séu undanskildir, en í þá daga hugsuðu menn sér yfirleitt virkjanir tengdar fossum.

Jarðirnar Þróð og Rugludalur hafa verið seldar hreppum, og er ekki vitað til að vatnsréttindi þeirra jarða hafi verið undanskilin sölunni, þannig að þau eru eign landeigenda eftir því sem næst verður komist.

Eyvindarstaðaheiði er upprekstrarland Bólstaðahlíðarhrepps, vesturhluta Lýtingsstaðahrepps og suðurhluta Seyluhrepps. Hlutdeild þessara hreppa í heiðinni er sem hér segir: Lýtingsstaðahreppur 8/17 (47,1%); Bólstaðahlíðarhreppur 5/17 (29,4%) og Seyluhreppur 4/17 (23,5%).

Heiðin mun hafa verið eign Eyvindarstaða fram á síðari hluta 19. aldar, að því er talið er. Þá munu einstaklingar hafa keypt hana undan jörðinni. Síðar eignuðust hrepparnir a.m.k. upprekstrarreftindi á heiðinni, en ekki hefur verið kannað með hverjum hætti það varð; hvort þeir keyptu sjálft landið með öllum gögnum og gæðum, þar á meðal vatnsréttindum, eða hvort þau voru undanskilin á svipaðan hátt og við kaupin á Auðkúluheiði. Ekki hefur heldur verið kannað hverjir þeir einstaklingar voru er keyptu heiðina undan jörðinni Eyvindarstöðum eða hvort vatnsréttindi fylgdu með í þeim kaupum. Loks hefur ekki verið kannað hvort heiðin hefur einhverntíma verið eiginlegt eignarland Eyvindarstaða, eða einungis afréttur jarðarinnar.

Jarðirnar Eldjárnsstaðir, Eiðsstaðir, Guðlaugsstaðir, Bollastaðir og Eyvindarstaðir eru í eigu ábúenda. Selland er í eigu ábúenda Bollastaða, og liggar undir þá jörð. Ekki er annað vitað en að öllum þessum jörðum fylgi vatnsréttindi, en það hefur þó ekki verið kannað. Það þarf að gera.

Eins og þetta yfirlit ber með sér er ýmislegt lögfræðilegs eðlis, sem kanna þarf nánar varðandi vatnsréttindi tilheyrandi Blönduvirkjun, með skoðun frumheimilda. Sérstaklega þarf að fá úr því skorið hvort Eyvindarstaðaheiði var einhverntíma eiginlegt eignarland Eyvindarstaða, eða einungis afréttur, en í því tilviki væru vatnsréttindi á heiðinni almennингseign, þ.e. ríkisins. Þetta atriði er ekki einungis mikilvægt vegna þess að 21,8% vatnsréttinda Blöndu tilheyra Eyvindarstaðaheiði, heldur einnig vegna svipaðra tilvika sem komið gætu til álita annars staðar á landinu.

Þessa könnun þurfa lögfræðingar að framkvæma. Úr hugsanlegri landmerkjaóvissu kann hins vegar að mega skera með nánari landmælingum Orkustofnunar.

Haukur Tómasson